



Forseti, ágætu bæjarfulltrúar.

Ég flyt nú skýrslu bæjarstjóra tímabilið 26. janúar til dagsins í dag, 23 febrúar.

Í upphafi langar mig að segja frá því að skýrslur ársins 2016 er nú að finna undir fundargerðum bæjarstjórnar. Þær eru líka með vefslóðum til að lesendur geti fundið ítarlegri upplýsingar um sum þeirra málefna sem ég fjalla um.

Ég tók þátt í [vinnufundi](#) á Grand hóteli í Reykjavík þann 28. janúar en verkefnisstjórn á vegum heilbrigðisráðherra sem vinnur að úttekt á öldrunarþjónustu og greiningu á þjónustu við aldraða, stóð fyrir fjölmennum vinnufundi þar sem verkefnisstjórnin kynnti stöðuna á greiningarvinnunni og efndi til umræðu um ýmsar hliðar öldrunarþjónustunnar. Á fundinum voru um 50 manns sem höfðu verið sérstaklega valdir til að taka þátt í þessari vinnu. Við vorum sex frá sveitarfélögunum sem fengum boð um að taka þátt en aðrir komu frá samtökum aldraða, úr ráðuneytinu, af hjúkrunarheimilum, heilsugæslu, lýðheilsustöð og sjúkrahúsum. Það var ráðgjafastofan Expectus sem stýrði vinnunni. Mjög góður fundur og faglega að honum staðið.

Á bæjarráðsfundinum 28. janúar var lögð fram skýrsla verkefnishóps um Flóasiglingar og samþykkt að undirbúa útboð vegna tilraunasiglinga næsta sumar.

Til þess að leggja mat á mögulega nýtingu íbúa Akraness á nýrri farþegaferju voru eftirfarandi gögn lögð til grundvallar:

- Umferðarskýrslur frá Vegagerðinni,
- Umferð um Hvalfjarðargöng
- Könnun Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri fyrir Akranes
- Ferðavenjukannanir fyrir Höfuðborgarsvæðið og Akranes

Mat Verkefnishópsins er að talsverð sóknarfæri liggja í markaðssetningu á ferjusiglingum milli Akraness og Reykjavíkur til íbúa Akraness. Íbúar nýta sér ferðir Strætó töluvert og er skýr áhugi á auknum almenningssamgöngum. Fyrir þá farþega sem eiga erindi í Vesturhluta borgarinnar geta ferjusiglingar stýtt ferðalagið töluvert. Ferðin frá miðbæ Akraness til miðborgar Reykjavíkur gæti verið farin á 30 mínútum en til samanburðar þá tekur það 51 mínútu að fara með Strætó frá Akranesi niður í Mjódd og 72 mínútur að komast alla leið niður á Lækjartorg.





Lagt er til að boðinn verði út stuðningur við beina siglingu 50-100 manna ferju milli Reykjavíkur og Akranes sumarið 2016. Verkefnið verði skilgreint sem þróunarverkefni og standi yfir í maí - september.

Til þess að tilraunaverkefnið skili árangri er lögð áhersla á að upplýsingum um farþega verði safnað með skoðunarkönnun um borð í bátum af verkkaupa. Niðurstöðurnar verða forsendur fyrir frekari framvindu verkefnisins. Sjá verkefnaskýrslu hópsins [hér](#)

Texti að auglýsingu var samþykktur í borgarráði í síðustu viku. Fulltrúar minnihlutans í Reykjavík bókuðu að þeir væru tilbúnir í verkefnið en ekki að setja fjármagn í niðurgreiðslu. Við teljum hinsvegar að það þurfi ákveðna meðgjöf í upphafi en það er ekki há upphæð og við viljum helst ekki nefna neinar tölur í því sambandi til að hafa ekki áhrif á væntanlega bjóðendur. Í því sambandi má nefna að allar samgöngur, sama af hvaða toga, götur, snjómokstur, umferðarljós, strætisvagnasamgöngur svo dæmi séu tekin eru niðurgreiddar. Það er líka ýmislegt annað sem sveitarfélögin geta gert, í staðinn fyrir eða til viðbótar til að styðja við verkefnið, svo sem hafnaraðstaða, aðstaða til að geyma bíla, markaðs- og kynningarmál bæði í Reykjavík og á Akranesi. Ég á því von á að auglýsingin fari út um næstu helgi.

Á föstudeginum 29 janúar var nýtt [skilti](#) vígt til minningar um hjónin Guðmund Guðjónsson og Rafnhildi Árnadóttur fyrir þeirra einstöku vinnu að skipulagningu og ræktun svæðisins í Klapparholti. Börn þeirra hjóna, barnabörn og barnabarnabörn voru viðstödd athöfnina ásamt fulltrúum bæjarins. Þau Guðmundur og Rafnhildur fengu afnot af landspildunni til uppgræðslu og gróðursetningar árið 1988 og 17 árum síðar afhentu þau Akraneskaupstað svæðið til áframhaldandi ræktunar og umhirðu.

Á laugardeginum 30 janúar tók ég á móti utanríkisráðherra Færeyja, Poul Michelsen en hann heimsótti Akranes og skoðaði meðal annars starfsemi fyrirtækisins Skagans. Michelsen var borgarstjóri Þórshafnar í 12 ár. Hann og Gunnar Sigurðsson fyrrverandi bæjarfulltrúi áttu stóran þátt í að koma á dýrmætum vináttutengslum á milli Akraness og Færeyja sem spanna yfir 40 ár. Það var stuttur aðdragandi að þessari heimsókn og buðum við Michelsen og fylgdarliði í hádegisverð á Galito en formaður bæjarráðs tók á móti hópnum með mér.

Í vikunni 1 til 5 febrúar átti ég fjölmarga fundi með einstaklingum og öðrum. Meðal annars fulltrúum fyrirtækisins True North vegna töku myndarinnar Sense 8 þar sem við fórum yfir





ýmsa praktíska þætti. Við munum leigja þeim aðstöðu í gulu skemmuni, Faxabraut 10, þar sem þeir munu geyma eitthvað af bílum og svo leigjum við þeim aðstöðu í sementsreitnum fyrir sjálfa myndatökuna. Við getum átt von á tugum starfsmanna hingað á Akranes á undirbúningstímanum en um 3 til 400 manns á tókutíma. Við þurfum að láta loka fyrir umferð í einhverja daga og vonumst til að bæjarbúar taki vel í það. Stefnt er að því að tókur hefjist í kringum 10 apríl en þessi dagsetning getur breyst.

Það voru þó nokkrir fundir haldnir um kjarasamningana við verkalýðsfélag Akraness þessa vikuna en segja má að það hafi verið stál í stál á milli verkalýðsfélagsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna ákvæðis um Salek samkomulagið í kjarasamningnum. Málið fór fyrir félagsdóm sem vísaði því frá. Það tókst þó að klára samningana og var það mikið fagnaðarefni því að þó færum ekki með samningsumboðið þá vorum við á hliðarlínunni að hvetja menn til sátta enda á þriðja hundruð starfsmanna okkar sem eru í verkalýðsfélaginu. Við Vilhjálmur Birgisson formaður verkalýðsfélagsins skrifuðum undir sérstakt [samkomulag](#) sem fylgdi [kjarasamningnum](#) á föstudeginum 5. febrúar.

Ég átti fund með forsvarsmönnum Faxaflóahafna þann 4. febrúar til að ræða útfærslu á samningi okkar á milli vegna hafnarsvæðisins og þeirrar skipulagsvinnu sem þarf að fara fram vegna deiliskipulags á sementsreitnum. Faxaflóahafnir eiga hluta af því svæði sem við viljum skipuleggja og við þurfum að ná samkomulagi um málið.

Ég átti einnig fund með formanni Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar vegna áhuga okkar á að kaupa Suðurgötu 62. Við viljum gera reitinn, þar sem Suðurgata 64 og 62 standa í dag, byggingarhæfan en í [skipulagi](#) er gert ráð fyrir að húsin víki og að þar verði þjónustu- og/eða menningarstarfsemi.

Auk þess að samþykkja að gera verðkönnun á kostnaði við niðurrif á Suðurgötu 64 og fela bæjarstjóra að fara í formlegar viðræður um kaup á Suðurgötu 62 þá var skipulags- og umhverfisráði falið að koma með tillögu að bráðabirgðalausn um ásýnd svæðisins m.a. með tilliti til skjóls á Akratorgi.

Ég hef á þessu tímabili átt nokkra fundi með forstöðumanni menningar- og safnamála, meðal annars til að undirbúa stefnumótunarfund um byggðasafnið og svæðið í kring en stefnt er að því að halda slíkan fund í næstu viku og munu fulltrúar í bæjarráði og í menningar- og





safnanefnd ásamt starfsmönnum og aðilum sem tengjast menningarmálum á vegum Akraneskaupstaðar, taka þátt í vinnunni.

Ég sat tvo fundi í skóla- og frístundaráði þar sem við vorum að undirbúa [auglýsingu](#) vegna ráðningar á skólastjóra í Grundaskóla. Ráðið samþykkti þær hæfniskröfur sem liggja til grundvallar auglýsingunni. Samkvæmt hefðinni þá ætti starfandi sviðstjóri skóla- og frístundasviðs að annast utanumhald vegna málsins en vegna tengsla við stjórnendur Grundaskóla þá var sú ábyrgð færð á bæjarstjóra. Capacent mun halda utan um úrvinnslu umsókna og Gunnar Gíslason ráðgjafi vera viðstaddur fyrstu viðtöl en ég mun koma inn í síðari áfanga í ráðningaferlinu. Skóla- og frístundaráð ákvað að gera auglýsinguna veglega og auglýsa í leiðinni það frábæra skólastarf sem verið er að vinna á Akranesi. Það eru fáar auglýsingar sem vekja eins mikla athygli og atvinnuauglýsingar og þetta er því góð leið til að kynna sveitarfélagið.

Á þessu tímabili hef ég átt tvo vinnufundi með sviðsstjórum þar sem við höfum farið úr húsi og nýtt okkur frábæra fundaraðstöðu á Höfða. Við erum að skoða hvernig við getum unnið að því að bæta þjónustu Akraneskaupstaðar og hvernig skipulag og skipurit sviðanna styðja við það verkefni. Akraneskaupstaður hefur sett sér metnaðarfull gildi, Jákvæðni, metnað, víðsýni og þau þurfa að endurspeglast í þjónustunni og skipulagi hennar. Gildi Akraneskaupstaðar munu ekki ná til starfsmanna nema það sé unnið markvisst að því, með fræðslu og öðrum mannauðstengdum verkefnum. Það kostar stefnufestu og mikla vinnu. Sem betur fer erum við að veita mjög góða þjónustu í dag á mörgum sviðum og kannanir Capacent styðja það. En það eru þjónustubættir þar sem upplifun fólks af þjónustunni er ekki nægilega góð og ég hef verið að fara í gegnum það með stjórnendum hér. Við þurfum að greina þá málaflokka þar sem íbúar eru síst ánægðir eins og í málefnum fatlaðra. Er fólk að lýsa yfir óánægju vegna sambýlisins við Laugabraut eða búsetuþjónustunnar að Holtsflöt? Eða er fólk óánægt með starfsemi á borð við Fjöliðjuna, sérstuðning við fatlaða í skólum, starfsemi Hver, starf með fötluðum í Þorpinu eða aðgengi fatlaðra? Það eru fjölmargir þjónustubættir sem eru skilgreindir sem þjónusta við fatlaða og við þurfum að gera framhaldskönnun til að greina þessa þætti betur.

Við komum heldur ekki vel út þegar horft er á skipulagsmál og gæði umhverfisins og þar þurfum líka að kafa dýpra og fá betri upplýsingar. Heilt yfir tel ég að við þurfum að móta okkur þjónustustefnu, og hún þarf að endurspeglar aukna áherslu á upplýsingagjöf og það er líka





sóknarfæri í að efla rafræna þjónustu. Við höfum verið í forystu sveitarfélaga með heimasíðuna okkar og birtingu gagna með fundargerðum bæjarráðs og bæjarstjórnar og þurfum að halda áfram á þeirri braut.

Ég sat fund stjórnar Brunabótar þann 12. febrúar en ég er varamaður í stjórn en á fundinum var farið yfir ársreikning félagsins og fjárfestingastefnu. Meginmarkmið með starfsemi Brunabótar sem er í eigu sveitarfélaga er að taka þátt í váttryggingastarfsemi í gegnum eignaraðild, stuðla að ráðgjöf um tryggingar til sveitarfélaga, stunda lánastarfsemi meðal annars til fjárfestinga sveitarfélaga eftir því sem aðstæður félagsins leyfa og stuðla að eflingu brunavarna og slökkviliða svo og alhliða forvarnarstarfi.

Meginmarkmið með fjárfestingastefnunni er að félagið nái skilgreindum markmiðum um útgreiðslu félagsins til sveitarfélaga í formi ágóða.

Í síðustu viku, þann 16. febrúar var haldinn kynningarfundur um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Breiðarsvæðis.

Deiliskipulagið felur meðal annars í sér að sameina og stækka fiskþurrkun HB Granda við Breiðargötu. Tillagan hefur áður verið kynnt á almennum íbúafundi þann 28. maí 2015. Í upphafi fundarins fór ég yfir feril málsins með tilliti til skipulagslaga, Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri HB Granda fór yfir umhverfismarkmið fyrirtækisins og Helgi Már Halldórsson arkitekt kynnti skipulagstillögunu og þær teikningar sem liggja fyrir. Steinar Adolfsson stýrði fundinum og umræðum en hann stóð yfir í tæpan klukkutíma. (Nánari upplýsingar um fundinn og gögn má finna [hér](#)).

Á fimmtudeginum 18 febrúar stýrði ég [samráðsfundi](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga um áhrif laga um opinber fjármál á sveitarfélögin. Fundinn sóttu bær- og sveitarstjórar af öllu landinu og frá stærstu sveitarfélögunum komu einnig embættismenn eins og fjármálastjórar og sviðsstjórar. Auk kynningar á nýju lögunum og áhrif þeirra á samstarf við ríkisvaldið var einnig fjallað um tekjustofna og tekist á um svokallaðan bankaskatt sem ríkistjórnin samþykkti að sveitarfélögin fengju hlutdeild í til að vega á móti tapi vegna séreignasparnaðar. Að óbreyttu hefði þessi sparnaður eða ígildi hans sætt útsvarsálagningu sem útsvar á samtímalaun og ekkert samráð var haft við sveitarfélögin um þessa útfærslu. Hag og upplýsingadeild sambandsins mat tapið í heildina um 8 til 9 milljarða og þar af var skammtímatapið um 1, 6 milljarða. Þar sem mesta veltan er á fasteignamarkaði, þar er mesta





tapið. Sveitarfélögin hafa deilt um það hvernig eigi að útdeila þessum fjármunum, mörg vilja að þeim sé útdeilt samkvæmt hefðbundinni leið Jöfnunarsjóðsins um útgjaldajöfnun en stjórn sambandsins og stærri sveitarfélög – og þar hefur formaður bæjarráðs Akraness og varamaður í stjórn sambandsins skipað sér, vilja að þessum fjármuninum verði úthlutað til þeirra sem hafa orðið fyrir mesta tapinu vegna séreignasparnaðarins og horfa á þetta sem tjónabætur. Um þetta var tekist á fundinum. Loks var rætt um þróun lífeyrismála og þá stöðu sem sveitarfélög eru í vegna mikilla skuldbindinga.

Í gær átti ég fund með fulltrúum Orkuveitunnar eða Veitum eins og fyrirtækið heitir vegna samnings á milli Akraneskaupstaðar og Orkuveitunnar, sem Veitur hafa yfirtekið, um flutning aðveitustöðvarinnar frá Þjóðbraut 44 að Smiðjuvöllum 24 en ráðgert er að ljúka flutningum á miðju ári. Með nýrri stöð eykst afkastageta í flutningi rafmagns til muna.

Ég læt þessari yfirferð lokið – þessu sýnishorni af störfum bæjarstjóra á tímabilinu 26 janúar til 23. febrúar. Takk fyrir áheyrnina.

